

168

19. ágúst

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um veðlán úr lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins,
nr. 91 17. maí 1951.

1. gr.

Fyrri málslíður 4. gr. reglugerðarinnar orðist þannig:
Lántakandi greiðir 6% ársvexti af skuld sinni.

2. gr.

Í stað orðanna „6% ársvexti af skuld sinni“ í 6. gr., 2. mgr., komi: hæstu lög-
leyfða fasteignalánavexti.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 19. ágúst 1952.

Eysteinn Jónsson.

Sigtr. Klemenžson.

169

23. ágúst

AUGLÝSING

um skrásetningargjald bifreiða.

Samkvæmt heimild í 14. gr. bifreiðalaga, nr. 23 frá 1941, er ákveðið, að gjald
til ríkissjóðs fyrir skrásetningu bifreiða og bifhjóla skuli vera kr. 100.00. Ber eig-
anda að greiða hlutaðeigandi lögreglustjóra gjaldið, er skrásetning eða umskrán-
ing fer fram.

Ákvæði auglýsingar þessarar ganga í gildi þegar í stað.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. ágúst 1952.

Bjarni Benediktsson.

Ragnar Bjarkan.